

Nettímarit

Troðningur

7. tbl 2010 - Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Meðal efnis:

Tölvimyndlist - Grænlensk myndlist - Draugur sker sig á hníf

Matur í myndlist - Vinnustofan - Troðningur vill vita ofl.

Menning & List



ICELANDIC
ART MAGAZINE

Tölvumyndlist.

Guðmundur R Lúðvíksson

Frá því að tölvan kom fram eins og við þekkjum hana í dag, hefur hún gegnt veigamiklu hlutverki innan myndlistarinnar. Margir myndlistamenn hafa tileinkað sér hana í verkum sínum og hafa aðferðir og efnistöð teygst sig inn í allar stefnur, isma og aðferðir sem þekkjast. Sprottið hafa upp virkir hópar myndlistarmanna, sérstakar sýningar á tölvumyndlist hafa verið settar fram í þúsundatali, stofnuð hafa verið sérstök tölvumyndlistarsöfn og gallerí um allan heim. Virk samskipti eru á netinu á milli margra þessa hópa. Af einhverri ástæðu hefur þetta ekki náð neinni fótfestu á Íslandi. Einn og einn listamaður er að fást við þessa aðferð í myndlist. En engin formleg hreyfing er til staðar eða að söfn og gallery hafi sýnt tölvumyndlistinni áhuga. Hvers vegna verður ekki svarað hér, en leiða má líkur að því að það hafi eitthvað með rótgróna hugmyndafræði og 40 ára gamla hugsun að gera sem tengist listnámi á Íslandi.

En eins og áður segir skipar tölvan sér veigamikið hlutverk innan flóru myndlistarinnar. Ekki þá aðeins í myndvinnslu á verkum heldur einnig sem sjálfstætt verkfæri eða efni í t.d innsetningum, skúlptúrum, og tæknilega útfærðum verkum. Á það síðasta sérstaklega við um margslungin verk sem oft eru á jaðri hins verkfræðilega, eða tæknilega sviðs. Þannig verk má t.d sjá oft í hinu magnaða og glæsilega nútíma safni í Linz - OK.

Mörg tímarit eru gefin út erlendis sem sérstaklega fjalla um tölvumyndlist. Einnig eru til þúsundir af forritum sem sérstaklega hafa verið hönnuð fyrir þessa tegund myndlistar og auðvitað sökkva margir í hina tæknilegu gryfju sem þessi forrit búa yfir, en segja má að það sé eins og með allar aðrar aðferðir innan myndlistarinnar, sú hætta er alltaf fyrir hendi. Hvað um það, undirritaður hefur farið á nokkrar sýningar í söfnum og galleríum erlendis sem hafa boðið upp á magnaðar heilsteyptar sýningar. Svo virðist einnig að þessi miðill eigi sér ótakmarkað möguleika og örugglega eftir að skipa meira hlutverk í framtíðinni innan listasafna.

Sandy Smith - Computer Artworks

Vinnur að mestu með tölvuna í verkum sínum:

http://www.sandysmith.co.uk/artwork/computers/sandy_smith_computers.html

Digital Art Museum:

<http://dam.org>




Olga Tobreluts



William Latham





The multi-media interface (MMI) on the new A8 lets you access all the car's features with just one simple control. So you can keep your concentration on the road ahead, whatever it is you have in mind.





Grænensk myndlist .

Guðmundur R Lúðvíksson, myndl.m

Grænendingar eiga merkilega menningu sem er æði ólík okkar og þá sér í lagi Evrópskri. Þótt stutt sé á milli Grænlands og Íslands fer ekki miklum sögum af sterkum tengslum þar á í gegnum tíðina. Þó hafa ýmsir viðburðir og samstörf tekist á milli þeirra með ágætum. Og skipar þar án efa, og á mikinn þátt, hið norræna samstarf sem norðurlöndin hafa komið á fót fyrir margt löngu. Saga Grænlands er löng, og stundum dula full. Það er ekki fyrr en á miðri síðari öld að verulega fer að kveða á almenningur veitir Grænendingum og Grænenskri mennigu verðuga athygli. Með auðveldari samgöngum og miklum stuðningi frá Dönum verða verulegar breytingar í Grænlandi m.a í búskaparháttum, og borgarmenning nær þar verulegri fótfestu. Í raun eiga Íslendingar og Grænendingar þetta mjög svo sameiginlegt. Menntun verður almenn og fólk upplýstara á öllum sviðum. Almennara verður að fólk sækir menntun til annara landa sem og að byggt eru upp öflugt menntakerfi á flestum stigum menntunar.

Með aukinni menntun og útrás sækja Grænendingar í sig veðrið hvað varðar nútíma myndlist. Þeir sækja menntun m.a til Danmerkur og víðar. Koma síðan heim fullhuga og sinna sinni listsköpun. Í myndlist Grænendinga má oft sjá að þeir hafi ekki gleymt því hvaðan þeir kæmu, þótt þeir hafi stundað nám fjarri sínu heimalandi.

Með komu menntaðra myndlistarmanna, kallar það á að samfélagið eignist sitt eigið listasafn. Listasafn sem stendur jafnfætis öðrum söfnum á Norðurlöndum og víðar. Árið 1997 var opnað glæsilegt safn, Katuaq Cultural Centre sem staðsett í miðri Nuuk. Safnið var teiknað af Schmidt Hammer & Lassen frá Árhusum, Danmörk. Húsið sækir "inspiredsjón" í norðurljósin og samspil þeirra við ís og sjó.

Troðningur lætur hér nokkrar myndir fylgja með eftir Grænenska listamenn.



Katuaq Cultural Centre



Julie Edel Hardenberg



Julie Edel Hardenberg



Vinnustofan .





Matur í myndlist .

Í gegnum aldirnar hefur matur skipað stóran sess í myndmáli myndlistarinnar og allt til dagsins í dag. Verk myndlistarmanna í þúsundatali ef ekki í miljónatali eru til sem innihalda, eru gerð eftir eða eru gerð úr einhverskonar mat. Jafnvel eru heilu sýningarnar settar upp sem eingöngu fjalla um eða eru gerð úr mat. Fyrir stuttu var m.a sýning í Dusseldorf listasafninu (Kunsthalle Dusseldorf) sem bar heitið “ Eat Art “

<http://www.kunsthalle-duesseldorf.de>

Það er ákaflega gaman að skoða þessa miklu flóru innan myndlistarinnar og nokkuð mörg Íslensk verk eru til sem falla undir þessa skilgreiningu. Gaman væri ef hægt yrði að setja upp sýningu með þesskonar verkum hér á Íslandi, eða jafnvel að listamenn tækju sig saman og fjölluðu enn frekar um þennan grunnþátt - að lifa. Því enginn kemst hjá því að borða til þess að halda lífi.

Troðningur lætur hér nokkrar myndir fylgja með til að glöggva sig þessu myndmáli.



Verk eftir Dieter Roth

Troðningur vill vita!

Eldey er 77 m hár, þverhnjúptur, 0,03 km² klettur u.þ.b. 15 km sunnan Reykjaness. Hún er úr móbergi og er innsta skerid á grynningum, sem ná u.þ.b. 84 km frá landi. Þessi skerjaklasi kallast Fuglasker eða Eldeyjar. Þarna stóð eitt sinn fyrrum eitthvert síðasta vígi geirfuglsins, Geirfuglasker, sem hvarf að mestu í hafið í eldsumbrotum 1830. Á Eldey er mesta súlubyggð í heimi, a.m.k. 70 þúsund fuglar.



Það var ekki vitað til þess, að eyjan hefði verið klifin, þegar þrír vaskir Vestmannaeyingar klifu hana 30. maí 1894. Þeirra á meðal var Hjalti Jónsson, sem hafði áður klifið Háadrang hjá Dyrhólaey. Premeningarnir töldu sig hafa séð bolta á nokkrum stöðum í berginu í Eldey, sem gaf til kynna, þetta væri ekki í fyrsta skipti. Það var farið árlega í Eldey til fugla eftir þetta þar til hún var friðuð árið 1940.

Talið er, að a.m.k. 10 eldgos hafi orðið á þessu svæði á sögulegum tíma og gosið 1783 er einna þekktast.

Þá myndaðist eyja, sem var kölluð Nýey. Hún var strax eignuð Danakonungi með úrskurði hans hátignar. Þegar hennar var svo vitjað næsta ár, var hún horfin. Einhver eldsumbrot voru á þessum slóðum á árunum 1970-71.



Í munni brezkra sjómanna hét Eldey „Count Rock” og „Flour Sack”. Eldeyjarboði er blindsker u.þ.b. 57 km suðvestan Reykjaness. Stundum eru brotin þar tugir metra á hæð og fiskimið eru góð þar í kring. Líklega er þessi boði leifarnar af Nýey. Brezkir nefndu boðann „Blinders”. Á Eldeyjarbanka voru fyrrum góð fiskimið, m.a. síld og humar. Aðalsiglingaleið skipa liggur milli meginlandsins og Eldeyjar. Geirfuglasker eru blindsker u.þ.b. 5 sjómílum utan Fuglaskerja.

Mögnuð mynd af Íslandi. Sjá má stauma og sjávarfall í hafinu kring um landið.




Steinar og Tyrkland

Þeir sem aka til suðurnesja taka sjálfsagt eftir steinum sem mynda einhverskonar fígúrir hér og þar á leiðinni rétt áður en komið er að Reykjanesbæ. Höfundur þessara verka er Áki Granz.

Eitt af upphalds landi mínu til að heimsækja er Tyrkland. Ákaflega gott fólk og stórmerkileg menning hvert sem farið er. Enda ekki skrítið því landið á sér stórmerkilega sögu hvernig sem á það er litið. Í landinu er mikil hefð fyrir að vinna með grjót í nánast hvað sem er. Hús, stræti, torg og myndlist. Enda eiga Tyrkir mikið magn af marmara og öðru fögru grjóti, og landið stórt og stórbrotið.

Í fjallahéraði sem kallast Cappadocia eru merkileg náttúruleg fyrirbæri. Himin háar stein strýtur og ofan á þeim situr einn eða fleiri minni steinar úr öðru efni. (Sjá myndir). Einnig er þar rétt hjá stór mekilegt þorp eða bær þar sem byggingar eru að mestu unnar í grjóti. Meir að segja er þar ægifagurt hótél (sjá mynd).

Troðningur lætur einnig fylgja hér myndir að samskonar hlutum sem hin mannlega hönd hefur gert, en þó aumkunarverðri stærð á miðað við náttúruna í Tyrklandi.



Hótél íbúðir í Devrent Valley



Fésbókin !





**ÍSLENSKIR
MYNDLISTAMENN
FYRIR HAITI**

Leitað er til allra Íslenskra myndlistarmanna á Íslandi til að gefa eitt verk í hjálparsjóð handa Haiti íbúum, sem eiga hrikalega erfitt um þessar mundir. Hver listamaður velur verk sem hann verðleggur á 60.000.- til 600.000.- kr. Verkin verða síðan seld á 15.000.- pr stk. og öll innkoma rennur óskipt í hjálparstarfsins.

Sendið okkur mail á netfangið haiti@1og8.com ásamt upplýsingum: Nafn og síma og lýsingu á verki. Nánari upplýsingar verður að finna á heimasíðunni, www.1og8.com/haiti.html Tilkynna þarf þátttöku fyrir 10. febrúar 2010.

HJÁLP!

Leggjum okkar lið og hjálpum.

Komið hefur verið af stað verkefninu “**Íslenskir myndlistamenn fyrir Haiti**“. Verkefnið gengur út á það, að listamenn gefi eitt verk hver og verkin verði síðan seld á mjög lágu verði í íslenskum krónum, eða 15.000.- kr. Það verð samsvarar 3 - 4 mánaða verkamannalaunum í Haiti. 546 skráðum myndlistarmönnum í SÍM (Samband Íslenskra myndlistarmanna) var sent bónorð í maili og nú er að sjá hvernig Íslenskir myndlistarmenn svari kallinu. Upplýsingar um söfnunina eru á svæðinu: <http://www.1og8.com/haiti.html>

Draugur rak sig á hníf


Símon nokkur var húsmáður í Vatnagarði hér um bil 1780. Hann fór inn að Miðhúsum til Björns er þar var þá bóndi með flatningshnífinn sinn til að leggja hann á stein því Björn var smiður. Lá leið hans fyrri austan kirkjugarðinn á Útskálum. Þetta var um vökuna. En er hann kom að kirkjugarðinum sér hann mann framundan kirkjugarðinum og er sá að spíkspora þar. Hann skilur ekki hvað hann muni vera að gera en forvitnar þó að bíða; gengur að kirkjugarðinum og leggur handlegginn upp á garðinn svo að hann lá á honum með almbogann og hnífinn í þeirri hendinni svo að upp stóð oddurinn. Að stundu liðinni gýs moldargusa upp úr einu leiðinu og fylgir þar með maður.

Sá spyr hvað hann vili sér. “Þú skalt fara norður í land og drepa þar stúlku.”


Tilgreinir hann bæinn og stúlkuna. Sendingin á stað og stefnir beint á Símon, en hann líður í óvit. En er hann vissi af sér sá hann hvergi drauginn en mannsherðablað er á hnífnum en maðurinn stendur þarna í kirkjugarðinum. Símon gengur til hans og tekur heldur en ekki

ómjúkt á honum fyrri þetta sitt tiltæki; sýnir honum samt herðablaðið. Maðurinn viknar við, þakkar honum þetta og segir hann hafi ekki einasta frelsað stúlkunnar líf heldur og sitt og lofar að gera það ekki oftar. - Þetta var sjómaður á Útskálum norðlenzkur.





Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum



Forsíða

Um félagið

- Adsetur - kort
- Skrifstofa
- Stjórnin
- Fundargerðir
- Lög félagsins
- Merki félagsins

Félagsmenn

Fréttir

Hafa samband

Iðngreinar

Myndasafn

Sækja um aðild

Útgefið efni

Sækja um aðild

Byggingareglugerðin

Iðan - námsvísir

Kjarasamningar

Velkomin

7. janúar 2010

Oriofshús helgarleiga

Sælin félagar, MBS félagum hefur verið boðið að leigja nú í vetur um helgar, nýtt gíasslegt orlofshús sem Múrarameistarafélag Reykjavíkur á og staðsett er á Öndverðarnesi. Húsið er 70 m² svefn pláss er fyrir 8. Hettur þottur er við húsið og órútt er í sundlaug eða 150 m. Félagsmenn sem hafa áhuga eru beðnir að hafa samband. Kær kveðja Kristján....

Meira

30. desember 2009

Stjórnarfundur MB 29.12 í Keflavík

Stjórn Meistarassambands byggingamanna boðaði til stjórnarfundar þann 29.12.2009. Fundurinn fór fram í Keflavík í sal MBS. Baldur form stýrði fundinum og Skarhédinn annaðist fundarritun. Ítarlega var farið ofan í samstarf okkar við löuna og bréf s...

Meira

4. desember 2009

Bréf sent frá MBS um faglegar ábyrgðir

Keeri viðtakandi. Við í stjórn Meistarafélags byggingamanna Suðurnesjum (MBS) viljum með þessu bréfi vekja athygli þína á f...

Meira

Sækja um aðild

Vantar þig iðnaðarmann?

Húsasmiðir

Malárar

Pípulagningarmenn

Blikksmiðir

Aðrir félagar


Afmælisbörn dagsins

Enginn í félaginu á afmæli í dag.

Afmæli á næstunni.

Áskell Agnarsson verður 61 etfir 5 daga.

<http://www.mb.is/> - Meistarafélag byggingarmanna Suðurnesjum



Samtök ferðaþjónustunnar

The Icelandic Travel Industry Association

[View site in English](#)

Forsíða

Starfsemi

Stefna

Aðild

Lykiltölur

Á döfinni

Umhverfismál

Mennta- og fræðslumál

Aðrir vefir

Flýtleiðir

Félagatal

Aðild

Á döfinni

Mennta- og fræðslumál

Aðalfundur 2009

Nýjasta fréttabréf SAF

Eldri fréttabréf

Markaðstorgið

Félagatal SAF

Smelltu hér til að fá upplýsingar um öll fyrirtæki í Samtökum ferðaþjónustunnar, vörur þeirra og þjónustu.

21. janúar 2010

Vel sótt námskeið hjá SAF um markaðssetningu á netinu

Samtök ferðaþjónustunnar buðu upp á námskeið í markaðssetningu á netinu þ. 20. janúar sl. og var námskeiðið vel sótt af félagsmönnum. Námskeiðið byggir á samnefndri bók en fyrirlesarar voru þeir Guðmundur Arnar Guðmundsson, einn af markaðsstjórum Icelandair og Kristján Már Hauksson eigandi Nordic eMarketing og eru þeir höfundar bókarinnar. Farið

Lesið meira

21. janúar 2010

HVERT STEFNA FJÁRMÁL RÍKISINS?

Samtök atvinnulífsins í samráði við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands efna til morgunverðarfundar á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 27. janúar um stöðu og horfur í ríkisfjármálum 2010-2013 og nauðsynleg viðbrögð. Fjallað verður um mögulegar umbætur í fjárlagagerðinni og hvort nauðsynlegt sé að gripa til

Lesið meira

20. janúar 2010

Nýtt ferðamálaráð skipað

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðráðherra og ráðherra ferðamála, hefur skipað í ferðamálaráð til fjögurra ára. Formaður ferðamálaráðs er sem fyrr Svahildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Varaformaður er Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri í Árborg segir í frétt frá Ferðamálastofnu. Aðrir fulltrúar í ferðamálaráði eru Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson og

Á döfinni

02. febrúar 2010

Námskeið hjá Mathias Dahlgren hér á Íslandi

03. febrúar 2010

Morgunverðarfundur um markaðssetningu Reykjavíkur

25. febrúar 2010

Ráðstefna SAF "Dagur menntunar í ferðaþjónustu"

23. mars 2010

Aðalfundur SAF 2010

Saga ferðaþjónustunnar

Starfsmanna handbók

Félagsmenn

Notendanafn:

Notendanafn

Lyklörð:





••••••••

Innskráning


Týnt lykilorð

Fréttabréf SAF


Skráðu þig á póstlistann okkar til að fá Fréttabréf SAF sent til þín í tölvupósti

Tenglar



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Iðnaðarráðuneytið

<http://www.saf.is/is/> - Samtök ferðaþjónustunnar

Nettímarit

7. tbl. 2010

Troðningur



www.1og8.com